

Ár 2021, sunnudaginn 14. febrúar, klukkan 14.05 er haldinn aðalfundur í Siglingaklúbbnum Þyt, kt. 680978-0189 Strandgötu 88, 220 Hafnarfirði. Fundurinn er haldinn með rafrænum hætti vegna sóttvarnaráðstafana og í samræmi við fyrirmæli sóttvarnaryfirvalda vegna Covid-19 heimsfaraldursins. Gest fundarmönnum tækifæri til þess að taka þátt í fundinum í gegnum þar til gerða vefgátt.

Til fundarins var boðað með tilkynningu sem birt var á vefsetri félagsins þann 28. janúar 2021, auk þess sem frétt um aðalfundinn var dreift í Facebook hópum félagsmanna.

Samkvæmt upplýsingum þá óskuðu alls 36 félagsmenn eftir rafrænu aðgengi að fundinum í samræmi við fyrirmæli í fundarboði og í kjölfarið sóttu eftirtaldir félagsmenn fundinn:

Arnar Þór Stefánsson, Árni Áskelsson, Einar Ingþór Einarsson, Friðrik Hafberg, Guðrún Björk, Gunnar Geir Halldórsson, Helena Línudóttir Kristbjörnsdóttir, Hulda Stefanía Hólm, Jamie Fryer, Jóhann Tryggvi Jónsson, Jóhannes B Þórarinsson, Jón Kristinn Þórsson, Jökull Mar Pétursson, Margrét Birna Þórarinsdóttir, Markús Elvar Pétursson, Nils Daníelsson, Olga Zolotuskaya, Ólafur Ágúst Axelsson, Ólafur St. Arnarson, Pétur Theodór Pétursson, Ragnar Hilmarsson, Ríkarður Daði Ólafsson, Sigurður Ragnar Guðmundsson, Guðbergur Birkisson, Tim Suthers, Unnar Már, Þórður Helgason, Þórður Ólafur Þórðarson, Þuríður Þórðardóttir, Elena Fursova.

Auk félagsmanna sækja fundinn Þuríður Sigurjónsdóttir, lögmaður, Bjarki Þórðarson og Þórður Höskuldsson, umsjónarmenn rafrænnar miðlunar fundarins, en fundinn sækja þau að ósk stjórnar félagsins.

FUNDARGERÐ

Formaður félagsins, Markús Pétursson, setur fundinn og býður fundarmenn velkomna til fundarins.

Markús gerir því næst tillögu um að Þuríður Sigurjónsdóttir taki að sér fundarstjórn og Þórður Ólafur Þórðarson taki að sér ritun fundargerðar sætti það ekki andmælum af hálfu fundarmanna.

Fundarstjóri lýsti því yfir að fundarstjóri liti svo á, að með því að boðun fundarins fór fram með auglýsingu á vefsetri félagsins þann 28. febrúar sl., auk þess sem félagsmönnum var gert viðvart um fundinn á Facebook-hópum félagsmanna, þá liti fundarstjóri svo á, að teknu tilliti til þess að fundurinn er sóttur af 30 félagsmönnum félagsins, að fundurinn sé réttilega boðaður í samræmi við grein 4.3 í samþykktum félagsins. Bar fundarstjóri þá afstöðu sína undir fundinn og hreyfði enginn fundarmanna andmælum við henni.

Því næst gerði fundarstjóri það að umtalsefni, að með því að samþykktir félagsins mæli ekki fyrir um það með hvaða hætti aðalfundur félagsins skuli haldinn, þá liti fundarstjóri svo á að sá framgangsmáti aðalfundar félagsins að fundurinn sé haldinn rafrænt sé ekki andstæður lögum félagsins. Teljist fundurinn því lögmætur í því tilliti. Bar fundarstjóri þá afstöðu sína undir fundinn og hreyfði enginn fundarmanna andmælum við henni.

Því næst var gengið til hefðbundinna aðalfundarstarfa samkvæmt lögum Siglingaklúbbsins Þyts.

1. SKÝRSLA STJÓRNAR

Markús Pétursson, formaður félagsins gerði grein fyrir starfsemi félagsins á liðnu starfsári, en skýrsla stjórnar er meðal rafrænna gagna fundarins. Í máli hans kom meðal annars fram að þetta hefði verið sérstakt ár í rekstri félagsins, m.a. vegna ítrekaðra raskana af völdum sóttvarnaráðstafana. Minntist hann látins félaga, Áskels Bjarna Fannberg sem lést í nóvember sl. Því næst gerði hann grein fyrir skipan stjórnar félagsins á liðnu starfsári og helstu verkefnum stjórnar og einstakra deilda, sem og þeim miklu áhrifum sem heimsfaraldur Covid-19 hefði haft á starfið. Hann fjallaði um málefni sem lutu að erfiðleikum tengdum viðskilnaði fyrri stjórnar og málefnum er tengdust endurbyggingu seglbátsins Skýjaborgar. Hann fjallaði um mikla aðsókn og þátttöku í opnum húsum, ekki síst í kjölfar breytts fyrirkomulags við innheimtu/endurgreiðslu æfingagjalda og mikillar aðsóknar að námskeiðum. Þá vék hann einnig að fyrirkomulagi klúbbsstarfsins og fyrirkomulagi opinna húsa. Tók hann fram að það hefði einkennt starfið að mikið var af nýjum félagsmönnum sem sóttu námskeið og opin hús á vegum félagsins. Færði hann Þorsteini Björnssyni miklar og sérstakar þakkar stjórnar fyrir aðkomu hans að námskeiðshaldi félagsins. Vékk hann einnig að þeim miklu erfiðleikum sem mótahald SÍL hefði verið undirorpið vegna heimsfaraldurs, en þrátt fyrir það hefði árangur Þytsmanna og - kvenna í keppnum og mótum á vegum SÍL verið í alla staði prýðilegur. Vékk hann að mikilli ásókn meðal kjölbátæigenda í aðstöðu á vegum Þyts, sem nú væri fullnýtt. Því miður hafi þetta einnig leitt til þess að skútubryggjan hefði látið undan síga með tilheyrandi skemmdum á bátum sem við hana lágu, en farið hefði verið í úrbætur vegna þess. Þá vékk Markús einnig að miklum áhuga á kayakstarfi klúbbsins, undir leiðsögn Jóns Kristins Þórssonar og Gísla Friðgeirssonar. Vékk hann einnig að því að nauðsynlegt væri að styðja við kayakflota klúbbsins, en klúbburinn hefði fengið höfðinglega gjöf frá Ólafi Einarssyni í formi s.k. surf-ski kayaka. Einnig hefði klúbbum borist höfðingleg gjöf frá Íslandsbanka í formi aðstöðugáms fyrir kayakræðara, sem þakkað væri fyrir. Tók Markús fram að stjórn telji að mikil tækifæri séu fyrir þyt í því að vaxa í hópi kayakfólks sem síðan muni færast fyrir í aðra þætti starfsins einnig. Því næst vékk Markús að sterkri uppbyggingu í kænustarfi félagsins, bæði í hópum barna og fullorðinna, og fjallaði um ráðningu nýs þjálfara, Ríkhards Ólafssonar. Markús fjallaði einnig um árangur kænusíglara klúbbsins í ýmsum mótum og kom fram að árangur Þytsfólks á kænumótum ársins verið með miklum ágætum.

Því næst vékk Markús að þjálfun félagsmanna á öryggisbáta félagsins og viðhald bátanna og nauðsyn þess að vel sé hugað að því. Þá fjallaði hann um viðhald Secret báta félagsins. Hann fjallaði um nauðsyn á smíði báta, bæði smíði árabáta og kayakbáta, einkum þar sem s.k. Costco kayakar væru komnir að lokum líftíma þeirra. Hið sama eigi við um árabáta félagsins, en hann tók fram að ætlunin væri að að smíða nýja slíka í sjálfboðastarfi af félagsmönnum. Þá þurfi einnig að laga allar gömlu Optimist kænur félagsins.

Markús gerði þá grein fyrir námskeiðahaldi félagsins sem haldið var í samstarfi við grunnskóla sveitarfélagsins, og einnig um sumarnámskeið félagsins. Hann lét í ljós vonbrigði vegna þess að sumarnámskeiðin virðist ekki að skila nýjum iðkendum og séu því í raun aðeins fjáröflun fyrir félagið.

Þá fjallaði Markús um fyrirhugaða aðstöðubreytingu Þyts og uppbyggingu starfs félagsins á nýjum stað og þróun þess verkefnis. Markús gerði þá grein fyrir vinnu innan félagsins er tengist þarfagreiningu vegna hinnar nýju aðstöðu og skipan nýrrar aðstöðunefndar.

Hann fjallaði einnig um mikil áhrif Covid á starf félagsins og þá gagnrýni sem stjórn hefði orðið fyrir því tengt.

Lauk Markús máli sínu með því að þakka klúbbfélögum öllum fyrir öflugt og óeigingjarnt starf fyrir þátttöku í starfi félagsins.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni, í samræmi við samþykktir félagsins, að umræðu um skýrslu stjórnar yrði frestað og færi umræða um skýrsluna fram samhliða umræðu um reikninga félagsins.

2. FRAMLAGNING REIKNINGA OG ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Hulda Stefanía Hólm, gjaldkeri félagsins gerði fundinum grein fyrir fjárhag og rekstri félagsins á liðnu starfsári. Skýrsla hennar liggur fyrir í rafrænum fundargögnum. Í máli hennar kom fram að rekstrartekjur á rekstrarárinu 2020 voru um 20,9 milljónir, en gjöld um 9,8 milljónir, Hagnaður varð af starfsemi upp á um 11 m.kr. sem myndar bankainnstæðu félagsins. Eignir félagsins eru í heild metnar um 91 milljónir króna.

Hulda Stefanía gerði að öðru leyti grein fyrir ársreikningnum. Helstu tekjuliðir voru styrkur frá Hafnarfjarðarbæ sem nam röskum 15 milljónum að meðtöldum styrk vegna gæslubáts. Framlag frá ÍBH nam um 1,2 milljónum. Styrkur ÍSÍ nam um 400 þúsundum, en hrein félagsgjöld námu rúmum 700 þúsundum króna. Tekjur af sumarnámskeiðum námu um 2,5 milljónum.

Í máli Huldu Stefaníu kaup kom fram að rekstrargjöld félagsins á liðnu starfsári samanstóðu aðallega af útlögðum kostnaði og verktakagreiðslum, en engin laun voru greidd hjá félaginu. Kostnaður í heild nam um 8,5 milljónum samanborið við um 5 milljónir í fyrra en ástæður aukins kostnaðar milli ára varða m.a. ofgreidd fasteignagjöld, aukning vegna rafmagnsnotkunar, einkum á bryggju, en líka vegna þess að notkun á húsinu hefur aukist. Þá hafi öryggiskerfi verið tekið út. Gat hún þess að kostnaður við þjálfara kæmi fram sem verktakagreiðslur og að kostnaður hefði aukist vegna þess að auglýsingum félagsins var fjölgað. Þá bættist við kostnaður vegna keppnisferða og mótahalds. Viðhaldskostnaður hafi þá aukist milli ára, einkum vegna barnastarfs. Tók hún fram að ógreiddar viðskiptakröfur félagsins væru fyrst og fremst kröfur á Hafnarfjarðarbæ, einkum vegna ofgreiddra fasteignagjalda.

Í máli hennar kom fram að skoðunarmenn reikninga hefðu gert 4 athugasemdir við ársreikninginn; eina vegna villu er varðaði sjóðstreymishluta ársreikningsins, en þá villu hafi ekki náðst að lagfæra fyrir fundinn og endurstaðfesta ársreikninginn í kjölfarið og verði fyrirbyggjandi drög að skoðast í því ljósi. Hinar þrjár athugasemdirnar sagði hún varða hluti sem fyrst og fremst lúta að meðhöndlun tiltekinnna þátta í bókhaldi, og verður úr þeim athugasemdum leyst í framkvæmd yfirstandandi árs.

3. UMRÆÐA UM SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA FÉLAGSINS

Að lokinni yfirferð yfir skýrslu stjórnar lýsti fundarstjóri orðið laust til umræðu um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.

Undir þessum lið tóku eftirtaldir til máls:

Ragnar tók til máls og vildi hann gera nokkrar athugasemdir við skýrslu stjórnar. Fyrst vildi hann gera athugasemd við hugmyndir stjórnar um kostnað við viðhald á Skýjaborg, sem ætlaður væri í skýrslu stjórnarinnar sem á bilinu 500-1000 þúsundir króna. Sá kostnaður væru getsakir einar og hann grunaði að kostnaður væri lægri. Hann vék að löngum framkvæmdatíma á Skýjaborg sem sé að rekja til þess að þáverandi stjórn hafi ekki viljað byrja á framkvæmdunum, en síðan hafi komið ný stjórn og öll vinna við bátinn hafi farið fram á því tímabili. Framkvæmdir hafi síðan tafist enn frekar vegna Covid, en báturinn að lokum settur

ótilbúinn út í port þar sem hann muni skemmast, en einungis nokkurra vikna vinna hafi verið eftir við að fullbúa hann. Á öðrum stað í skýrslunni sé einnig vikið að framtíðarnefndinni og Ragnar vildi ræða þá umfjöllun sérstaklega undir öðrum lið og féllst fundarstjóri á það.

Jökull tók til máls og vildi spyrjast fyrir um hverjar athugasemdir skoðunarmanna við reikning félagsins hefðu verið og óskaði hann þess að þær yrðu lesnar upp.

Fundarstjóri óskaði eftir því að gjaldkeri læsi upp athugasemdirnar.

Hulda Stefanía gerði grein fyrir athugasemdunum skoðunarmanna, sem varða 1) leiðrétt sjóðstreymi, 2) nauðsyn á gagnsæi varðandi stærri fjárútlát og fjárfestingar í fundargerðum stjórnar, 3) nauðsyn þess að þess sé gætt að greiðslur til stjórnarmanna eigi sér skýra stoð í fundargerðum stjórnar og var þar einkum einkum vísað til verktakagreiðslna til Markúsar vegna kjölbátanámskeiða 4) og því að gætt sé að vörslum fylgiskjala bókhalds.

Jökull tók að nýju til máls og gat þess að hann hefði viljað að þessar athugasemdir kæmu fram á fundinum. Að öðru leyti vildi hann spyrjast fyrir um það hvort einhver umræða hefði átt sér stað um annmarka á fundinum varðandi boðun og framkvæmd undir fyrri liðum.

Fundarstjóri svaraði Jökli í kjölfarið, því að fundarstjóri hefði yfirfarið gögn og boðun fundarins og að fundurinn hefði verið úrskurðaður lögmætur.

Árni óskaði eftir því að fá orðið, en rafrænt samband við hann tapaðist.

Ragnar vildi bera fram eina spurningu til gjaldkera og/eða stjórnar. Hann vísaði til þess að lög félagsins mæli fyrir um aðskilinn fjárhag milli unglिंगastarfs og fullorðinsstarfs og spurði hvort fyrirhugað sé að breyta því.

Hulda Stefanía svaraði því að þessi aðgreining komi að fullu fram í ársreikningi 2020 og að gjaldkeri sjái ekki hvernig þetta yrði sundurgreint öðru vísi en þar er gert.

Ragnar tók að nýju til máls og vildi að nýju áréttar það að honum þætti eðlilegt að betur væri tilgreint hvar eignir/tekjur/gjöld liggja.

Fundarstjóri tók til máls telur að þetta sé komið fram með skýrum hætti á fundinum, en beinir því til stjórnar að taka tillit til þessara orða á næsta starfsári.

Gunnar Geir tók þá til til máls og lýsti þeirri skoðun sinni þeirrar skoðun að fundurinn sé ólöglegur. Hann hafi verið skráður á fundinn, en hafi ekki fengið rafrænan aðgangskóða sendan fyrr en kl. 14.40 í dag. Hann hafi fyrst komist inn þegar gjaldkeri flutti sína skýrslu og honum finnst reikningarnir séu að sumu leyti í lagi og að sumu leyti ekki. Hann kveðst ætla að að kæra félagsfundinn og atkvæðagreiðslu til ÍBH og ÍSÍ og áréttar að félagsfundir eigi að vera opnir öllum, óháð atkvæðisrétti. Hann beindi því næst orðum sínum til Ragnars Hilmarssonar og kveðst engar athugasemdir hafa við reikningana, þeir séu eins og þeir séu, og ástæðulaust sé að hafa áhyggjur af þeim, en mikilvægast sé bara að þetta sé vel gert. Það eigi að hrósa fyrir það sem vel er gert og segist ekki bara vera neikvæður, þetta snúist ekki um persónur, heldur bara málefnalega gagnrýni. Hann áréttar að síðustu að hann telji fundinn ólögmetan þar sem menn komist unnvörpum ekki inn á fundinn.

Árni bað um orðið að nýju en rafrænt samband við hann tapaðist aftur.

Fleiri fundarmenn óskuðu ekki eftir því að taka til máls undir þessum lið og lýsti fundarstjóri því umræðum um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins lokið.

4. SAMÞYKKT SKÝRSLU STJÓRNAR OG REIKNINGA FÉLAGSINS

Að umræðum um skýrslu stjórnar lokinni, bar fundarstjóri skýrslu stjórnar fyrir starfsárið 2020-2021 undir fundinn til samþykktar og synjunar. Skýrslan var samþykkt með atkvæðum 16 fundarmanna, en 2 fundarmanna greiddu atkvæði gegn honum. Aðrir fundarmenn sátu hjá.

Gunnar Geir óskaði eftir að fá að taka til máls meðan atkvæðagreiðsla fór fram og gagnrýna skýrslu stjórnar.

Fundarstjóri synjaði ósk Gunnars Geirs og vísaði til þess að Gunnar hefði fengið tækifæri til þess fyrr á fundinum, sem hann hefði nýtt, en að nú færi fram atkvæðagreiðsla um skýrsluna; hún yrði því ekki rædd frekar.

Því næst bar fundarstjóri reikninga félagsins undir fundinn til samþykktar eða synjunar og voru reikningar félagsins og uppgjör þess fyrir starfsárið 2020-2021 samþykktir af hálfu fundarins með atkvæðum 18 fundarmanna, gegn atkvæðum 5 fundarmanna.

Til að taka af tvímæli um slíkt upplýsti fundarstjóri fundinn um að atkvæðagreiðsla á fundinum sé leynileg og ópersónugreinanleg með öllu.

5. FRAMLAGNING STJÓRNAR Á FJÁRHAGSÁÆTLUN NÆSTA ÁRS

Formaður félagsins, Markús Pétursson gerði grein fyrir fjárhagsáætlun næsta árs. Í máli hans kom fram að ætlunin sé að félaginu berist tekjur á næsta ári úr Lottó í gegnum ÍBH sem nemi 800 þúsundum, félagið geri ekki ráð fyrir peningum frá ÍSAL. Þá gerir félagið ráð fyrir að aðrir styrkir bæjarins nemi 10 milljónum, en tekjur af íþróttamótum muni nema 250 þúsundum. Þá er áætlað að tekjur af aðstöðu muni nema 400 þúsundum, tekjur af félagsgjöldum muni nema 700 þúsundum og tekjur af námskeiðum muni nema um 3 milljónum. Ekki sé hins vegar gert ráð fyrir tekjum af vörusölu.

Hvað gjöld varðar, þá sé gert ráð fyrir því að útgjöld félagsins vegna þjálfara muni nema 4,5 milljónum, þóknun til framkvæmdastjóra Þyts muni nema 1,8 milljónum, auk þess sem gert sé ráð fyrir öðrum kostnaði að fjárhæð 2,2 milljónir króna. Þá kom fram í máli Markúsar að gert sé ráð fyrir fyrir stofnframkvæmdum mannvirkja að fjárhæð kr. 1,5 milljónir, kaupum á nýjum bátum fyrir um 4,7 milljónir, en að 1,5 milljónum verði varið til viðhalds báta. Þá áætli stjórn að annar rekstrarkostnaður muni nema 1,4 milljónum króna og að afskriftir muni nema 2,2 milljónum króna. Samtals áætla stjórn félagsins því að útgjöld þess verði 19,8 milljónir á árinu 2021.

Samkvæmt framangreindu áætla stjórn félagsins að rekstrarhagnaður félagsins verði 4,6 milljónir króna á rekstrarárinu.

Markús gerði fundinum grein fyrir því að fyrirhuguð bátakaup felist í kaupum Requero kennslubátum fyrir um 3,1 milljónir og RSzest bátum fyrir um 1,6 milljónir, eða samtals um 4,7 milljónir.

Markús gerði þá fundinum grein fyrir því að smávægilegt viðhald muni þurfa að fara fram á húsi félagsins, þ.e. endurnýja glugga endurnýja læsingar glugga og hurðarmótor, en allt verði þetta unnið í samvinnu við bæinn sem 80% eiganda hússins.

Því næst gerði Markús fundinum grein fyrir fyrirhuguðu viðhaldi bátakosts félagsins, þ.e. pulsuviðgerð á gæslubát, kaupum varahluta í eldri kænur og þörf fyrir átak í viðhaldi Laser-, Optimist- og Topper Topaz kæna.

Markús gerði sérstaklega grein fyrir fyrirætlunum varðandi kaup á Requero kennslubátum og RS-Zest kennslubátum. Hann gat þess að mikil eftirspurn sé eftir nýjum slíkum bátum í Evrópu sem arftaka Topper Topaz að hluta til. Þeir séu víða notaðir í siglingaskólum og vonandi takist að kaupa 2 Requero báta í ljósi mikillar eftirspurnar eftir námskeiðum hjá Þyt. Þetta sé ákjósanlegur byrjendabátur.

Loks gerði hann grein fyrir fyrirhugaðri nýsmíði á árabátum og kayak bátum fyrir félagið. Aðeins 2 árabátar séu nothæfir og segir hann stjórn nú vilja hefja smíði á nýju módeli á árabátum og kayakum innan félagsins, sem m.a. geri félagsmönnum kleift að læra vinnu með trefjaglar.

Að kynningu Markúsar lokinni bauð fundarstjóri fundarmönnum að tjá sig um fjárhagsáætlun stjórnar fyrir næsta starfsár.

Unnar Már tók til máls og vildi spyrjast fyrir um rekstraráætlun fyrir kjölbáta og áætlun um viðhald við Secret báta og þá einkanlega hversu mikla fjármuni stjórn hygðist leggja í þá. Þá vildi hann fá útskýringu á því hvernig niðurbroti styrkja ráðstafað sé háttað, sem og hver sé ráðstöfun þeirra og hversu miklu sé varið í viðhald á kjölbátum.

Markús tók til máls og svaraði því til að það sé krafa Hafnarfjarðarbæjar að skilið sé milli barnastarfs og fullorðinsstarfs og því þurfi að að framfylgja. Hann gat þess að erfitt sé að heimfæra Secret báta undir barnastarfið sérstaklega og því miðist tillagan við það að félagið eigi að fá 6 milljónir króna frá Hafnarfjarðarbæ, sem bærinn geri kröfu um að séu eingöngu nýttar í barnastarf. Af því leiði, varðandi Secret bátana, að það sé krafa að rekstur þeirra standi undir sér án þess að styrkur Hafnarfjarðar sé nýttur til rekstrarins. Tekjur af þessum bátum hafi verið í horfi námskeiða og nemi þær tekjur um 600 þúsundum króna á ári. Markús tekur fram að komið sé að meiriháttar viðhaldi á báðum þessum bátum, en peningarnir af því verði að koma af tekjum af námskeiðum sem haldin séu á bátunum. Vonir standi til þess að tekjur af námskeiðshaldinu í sumar geti staðið straum af viðhaldinu, sem þá færi fram næsta vetur.

Gunnar Geir vildi beina þeirri spurningu til stjórnar að svara því af hverju er siglingagjald sé ekki rukkað af fullorðnum einstaklingum sem séu að sigla kjölbátum að staðaldri, en slíkt gjald sé hægt að nýta til viðhalds bátanna.

Markús svaraði því til að ástæðan væri sú að nýtingin á bátunum hefði verið lítil meðan gjaldið var innheimt og því hafi verið fallið frá því að innheimta það. Nýting bátanna hafi stóraukist að nýju eftir að innheimtunni var hætt.

Unnar Már ítrekaði að hann vildi heyra það hve miklum fjármunum áformað sé að verja í rekstur og viðhald á kjölbátunum. Hann vill líka kanna hvort stjórn sé reiðubúin að leita til félagsmanna til að leiðbeina í sjálfböðastarfi áður en leitað sé til verktaka, eða hvort það sé eitthvað í veginum fyrir því, því honum finnst eins og einhverjir hyggest sitja að þeim tekjum sem af námskeiðshaldi koma.

Markús svaraði því til að þetta form sé það sem hafi verið viðhaft við framkvæmd námskeiða félagsins sl. 12 ár, hið minnsta. Erfitt hafi reynst að manna leiðbeinandastörf til þessa og því hafi leiðbeinendum verið gefin hlutdeild í námskeiðsgjaldi, en ef einhverjir félagsmenn séu reiðubúnir til þess að inna leiðsögnina af hendi í sjálfböðastarfi, þá sé meira en ríkur vilji af hálfu stjórnar að þiggja það framlag. Þetta sé hins vegar mikil vinna fyrir þá sem þessu sinna, sem fram fari utan dagvinnutíma. Von stjórnar sé að það séu að minnsta kosti 3 einstaklingar sem sinni þessu að staðaldri og hann gerði skýra grein fyrir því að stjórn sé reiðubúin til að þiggja krafta sjálfböðaliða, verði þeir boðnir fram.

Ragnar tók til máls og vildi áréttta að á árum áður hefðu námskeið félagsins verið rekin í sjálfboðavinnu. Hann vildi einnig minna á stærstu tekjurnar af kjölbátunum hafi til þessa verið verðlaunafé, sem allt hafi farið í viðhald þeirra. Hann kvaðst vilja minna á þennan þátt líka.

Gunnar Geir tók til máls á nýju og vildi spyrjast fyrir um það af hverju bókhald félagsins segi að félagið hafi haft 480 þúsund krónur í tekjur af kjölbátum fyrir námskeiðsgjald fyrir árið 2019 en stjórnin tali um 600 þúsund krónur. Hann vildi áréttta það sérstaklega að það þurfi að kosta til fjármunum til að reka kjölbátadeildina og hingað til hafi kjölbátar félagsins verið notaðir í barnastarfið og því megi fyllilega heimfæra kostnað af barnastarfi upp á rekstur kjölbátanna.

Gunnar vildi einnig ræða samskipti sín við formann félagsins og fundarstjóri ákvað þá að stöðva Gunnar Geir í ræðu sinni þar sem skoðun hans laut ekki að því málefni sem verið væri verið að ræða.

Gunnar gerði í kjölfarið alvarlegar athugasemdir við það að aðilar sem annast framkvæmd fundarins þaggi niður í honum þegar hann ætli að hrósa formanni fyrir vel unnin störf og að það sé óásættanlegt að svona sé að málum staðið og félagsmaður geti ekki fengið að tjá sig af því að einhverjir einstaklingar; tölvukallar og lögfræðingar, þaggi niður í honum.

Hann óskaði sérstaklega eftir því að mótmæli sín yrðu bókuð því að hann teldi þetta óásættanlega hegðun í garð félagsmanns.

Fundarstjóri svaraði því til að þessar samræður ættu ekki að eiga sér stað á opnum fundi, heldur í tveggja manna tali. Mótmælin hafi hins vegar verið færð til bókar.

Unnar Már árétttaði að hann væri sama sinnis og Gunnar Geir og að athugasemdir hans ættu erindi við allan fundinn. Hann árétttaði enn á ný að hann hefði ekki fengið svar við því hvernig eigi nákvæmlega að verja þessum 1500 þúsundum sem eigi að fara í viðhald báta, þ.e. í viðhald kæna og kjölbáta.

Markús tók til máls og svaraði því til að kjölbátarnir séu þannig tæki að erfitt sé að réttlæta það að þeir séu til notkunar fyrir börn, þó svo þeir séu að einhverju leyti nýttir í því skyni. Afstaða stjórnar sé sú að rekstur kjölbátanna þurfi að vera sjálfbær og byggð á sjálfsaflafé; peningar sem komi úr barnastarfinu þurfi að fyrst og fremst að vera nýttir þar.

Unnar Már sagðist enn ekki vera búinn að fá svar við spurningunni og spurði því á ný hvort sé verið að reyna að draga fjöður yfir það hvernig þessari fjárhæð verði eytt. Hann vildi líka spyrjast fyrir um það hvort ekki sé til til rekstrarsamningur milli félagsins og Hafnarfjarðarbæjar sem mæli m.a. fyrir um framlag til kjölbátarekstrar félagsins. Unnar vildi líka fá að vita hvernig hagað væri meðferð á kostnaði vegna nýtingar fullorðinna á kænum, enda hljóti einhver kostnaður hljóti að falla til vegna þess. Þá vildi hann vita hvernig félagsgjaldi hans sjálfs til félagsins sé varið, þar sem hann sé fullorðinn einstaklingur sem stundar ekki barnastarf.

Markús svaraði því til að Hafnarfjörður væri ekki að styðja við íþróttastarf fullorðinna og krafa bæjarins frá 2016 væri sú að skilið væri algerlega milli barnastarfs fyrir yngri en 18 ára fullorðinsstarfs. Þessi aðgreining sé skýr í félaginu, nema hvað snertir kjölbátana, því 16 ára einstaklingar megi tæknilega séð stýra þeim bátum. Þó komi slíkt aðeins til álita ef um samviskusama einstaklinga er að ræða. Krafa á þessu ári sé að aðskilnaður þessa tveggja starfssviða í bókhaldi sé gerð alveg skýr og fyrir liggja að lokað verði fyrir greiðslur til klúbbsins þar til þessi mynd sé orðin alveg skýr. Þessi krafa hafi verið til staðar frá árinu 2016 og enn hafi verið hert á þessum þrýstingi. 1500 þúsundunum eigi þannig aðeins að verja til að reka

báta til barnastarfs og ekki rekstrar kjölbáta. Fullorðnir njóti góðs af því að geta notað þær kænur sem þannig er viðhaldið.

Árni tók til máls og vildi ræða málefni Skýjaborgar og þá athugasemd Ragnars sem varðaði kostnað félagsins við endurbyggingu bátsins. Árni áréttaði að sá bátur sé ekki í eigu Þyts og eigendur þess báts eigi ekki rétt á því að nýta félagssjóði til þess að annast uppgerð á þeim bát.

Unnar vildi spyrjast fyrir um það hvort óinnheimtum tekjum fyrra árs af námskeiðshaldi á kjölbáta verði varið til viðhalds kjölbáta? Þá vildi hann spyrjast fyrir um það, hvort ekki sé fyrir hendi rekstrarsamningur um kjölbátana við Hafnarfjörð sem á grundvelli hans greiði 350 þúsund á ári til kjölbátarekstrarins.

Markús tók til máls og ítrekaði fyrri sjónarmið og það að félagið hafi til þessa komist upp með að nýta fjárstyrk Hafnarfjarðarbæjar til rekstrar kjölbátanna. Fyrir það hafi nú verið tekið vegna kröfu Hafnarfjarðarbæjar um aðskilnað barnastarfs frá fullorðsstarfi. Varðandi óinnheimtar tekjur námskeiðshaldi á kjölbáta sagði Markús að þær myndu fara í rekstur kjölbátana. Hann segir að eins og sakir standa séu engir fjármunir frá bænum eyrnamerkir kjölbátunum, en ef fjármunir koma inn sem tekjur á þá, þá verði þeir nýttir í viðhald þeirra báta. Telur Markús að efla eigi námskeiðshald á bátana í þessu skyni; það eigi að vera tekjulindin.

Ragnar tók til máls og gerði athugasemdir við það sem Árni sagði. Hann áréttaði að ef enginn kostnaður væri bókaður í bókhaldi félagsins vegna Skýjaborgar, þá hafi enginn kostnaður orðið vegna þessa báts. Klúbbum hafi verið gefinn báturinn með því skilyrði að hann yrði gerður upp en það hafi ekki verið ekki fyrr en í síðustu stjórn félagsins sem ákveðið var að ráðast í þá framkvæmd. Þessa hafi skilmerkilega verið getið í skýrslu síðustu stjórnar. Hann vék einnig að því, að áður hefði rekstur kjölbáta ekki verið baggi á barnastarfinu; þeir hefðu verið nýttir í því starfi og bænum hefðu verið seldir tímar á kjölbátana. Hefði greiðsla kostnaðar vegna þeirra úr styrkfé verið þannig réttlættur.

Pétur Pétursson óskaði eftir því að fá að bera fram dagskrártillögu þess efnis að umræðu um þennan lið yrði hætt, enda væri þessi liður fyrst og fremst til upplýsingar á fundinum og ekki til ákvörðunar. Ef menn vilji ræða þetta frekar megi gera það undir liðnum er varða önnur mál.

Fundarstjóri ákveður í kjölfarið að hætta umræðu um þennan lið með hliðsjón af röksemdum Péturs og halda fundarstörfum áfram.

6. TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á LÖGUM OG REGLUM FÉLAGSINS

Fundarstjóri gerir fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 4.4. í samþykktum félagsins skuli tillögur til breytinga á lögum félagsins hafa borist félagsstjórn eigi síðar en 7 dögum fyrir boðaðan aðalfund og skuli þær í kjölfarið hljóta viðhlítandi kynningu á heimasíðu félagsins.

Fundarstjóri upplýsir, með vísan til þessa, að engar tillögur til breytinga á lögum félagsins hafi borist stjórn félagsins innan hins lögmaelta frests.

7. AÐRAR TILLÖGUR TIL FUNDARINS

a: Tillaga stjórnar um skipan nýrrar aðstöðunefndar:

Fyrir fundinum liggur tillaga stjórnar um að fundurinn staðfesti skipan nýrrar aðstöðunefndar fyrir félagið, sem ætlað er að taka saman þarfir og vilja klúbbsins og vera stjórn til ráðgjafar í samskiptum við bæjaryfirvöld varðandi fyrirhugaða flutninga aðstöðu Þyts sem fram fara samhliða breytingum á uppbyggingu hafnarsvæðis Flensborgarhafnar. Er það jafnframt tillaga stjórnar að nefndin verði skipuð eftirtöldum einstaklingum:

Markús Pétursson, formaður,
Ólafur Ágúst Axelsson, ritari nefndarinnar,
Daníel Helgason,
Friðrik Friðriksson,
Árni Áskelsson.

Segir í tillögunni að umræddur hópur hafi nú þegar hafið störf.

Jafnframt er það tillaga stjórnar félagsins að fyrri aðstöðunefnd, sem skipuð var í þessum sama tilgangi, verði lögð niður, en sú nefnd hóf aldrei störf. Sú nefnd sem hér um ræðir var skipuð eftirfarandi einstaklingum:

Sigurður Ragnar Guðmundsson,
Hulda Stefanía Hólm,
Ragnar Hilmarsson,
Friðrik Friðriksson.

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því, að þó svo tillaga þessi hafi borist stjórn félagsins innan þess frests sem grein 4.4 í samþykktum félagsins mælir fyrir um, þá hafi tillagan hins vegar ekki verið kynnt á heimasíðu félagsins með þeim hætti sem samþykktir ráðgera. Bar fundarstjóri það því undir fundinn hvort tillagan mætti komast að á fundinum.

Fundurinn samþykkti með atkvæðum 15 fundarmanna gegn atkvæðum 7 fundarmanna, að tillagan um aðstöðunefnd fengi umfjöllun á fundinum.

Því næst gaf fundarstjóri Markúsi Péturssyni færi á að gera grein fyrir ofangreindri tillögu, sem Markús þáði.

Fundarstjóri gaf því næst öðrum fundarmönnum færi á sig á því að tjá sig um tillöguna:

Gunnar Geir tók til máls og kvaðst vilja gera breytingartillögu. Lagði hann til að í stað tillögu stjórnar, verði samþykkt á fundinum að endurvekja fyrri aðstöðunefnd, sem skipuð verði: Ragnari Hilmarssyni, Árna Hilmarssyni, Gunnari Geir Halldórssyni.

Í kjölfar tillögu Gunnars Geirs var breytingartillaga hans borin undir fundinn og henni var hafnað með atkvæðum 18 fundarmanna, gegn atkvæðum 5 fundarmanna, en einn fundarmaður sat hjá.

Markús tók því næst að nýju til máls og í máli hans kom fram áhersla á það að nefndin sé skipuð blöndu af félagsfólki og fólki með þekkingu á þeim málaflokki sem um ræðir og að nefndin starfi undir stjórn félagsins, en ekki til hliðar við stjórnina.

Jökull tók þá til máls og vildi minna á að í grein 4.1 í samþykktum félagsins segir að aðalfundur fari með æðsta vald í málefnum félagsins. Þessi hópur sem nú standi til að

leggja af hafi verið kosinn þannig og notið þess umboðs, hvað sem núverandi stjórn finnst um það. Hann kveðst bara vilja minna á þetta.

Ragnar tók til máls og sem meðlimur þeirrar aðstöðunefndar sem kosin var á aðalfundi 2020 óskaði hann eftir tækifæri til þess að fá að gera grein fyrir störfum nefndarinnar á liðnu ári.

Fundarstjóri féllst á að veita Ragnari svigrúm til þess að gera fundinum grein fyrir störfum núverandi aðstöðunefndar undir þessum lið.

Ragnar deildi í kjölfarið með fundarmönnum skyggusýningu þar sem gerð var grein fyrir þeim aðgerðum sem framkvæmdar voru á síðastliðnu ári og gerði hann grein fyrir því sem þar kemur fram. Kom fram í máli hans að það væri ekki rétt að umrædd nefnd hefði ekki starfað, heldur þvert í móti hið gagnstæða. Jafnframt lýsti hann því yfir að hann vildi áréttta að hann telji óeðlilegt og óheppilegt fyrir verkefnið að skipta út fólki í nefndinni með þeim hætti sem lagt er til og kvaðst hann telja að það væri einnig skoðun mótaðila félagsins, Hafnarfjarðarbæjar.

Unnar tók til máls og lýsti vonbrigðum með það að núverandi stjórn félagsins lýsi því yfir að fyrri nefnd hafi ekki staðið sig, akkúrat þegar nú sé ljóst að sú aðstöðunefnd hafi unnið sem skildi. Honum finnst furðulegt að ný aðstöðunefnd hafi hafið störf í blóra við nefnd sem skipuð var á aðalfundi. Hann óskar eftir því að í nefndinni sem kosin verður nú, verði ekki aðilar sem þiggi laun frá þyt.

Markús tók þá til máls og rakti hann tilurð aðstöðunefndarinnar og málamiðlunartillögu um skipun hennar, en hér sé verið að tala um að setja af nefnd sem aðalfundur hvorki skipaði né setti verkefni. Nefndin sem Ragnar vísar til sé því markleysa og í raun umboðslaus. Hann rekur einnig þau samskipti sem nýja nefndin, sem var stjórnskipuð, hafi átt við Hafnarfjarðarbæ. Það að nýja nefndin hafi verið skipuð af stjórn sé í samræmi við ráðgjöf sem fengin var frá ÍSÍ. Nauðsynlegt sé því að ný nefnd, með skýrt umboð taki við keflinu.

Pétur Pétursson tekur til máls og vekur athygli á því að hér sé haldið uppi málþófi og óskar eftir því að fundarstjóri takmarki ræðutíma.

Gunnar Geir tók til máls og vildi hann áréttta að hann og Ragnar hafi verið í byggingarnefnd fyrir aðstöðu félagsins frá upphafi og að tillaga stjórnar nú sé rökleysa. Hann áréttar enn á ný að hann sé ósáttur við fundarstjórn og að hyggist takast á um lögmæti fundarins hjá ÍSÍ.

Fundarstjóri tók fram í fyrir Gunnari og óskaði eftir því að hann héldi sig við fundarefnið, sem sé sú tillaga stjórnar sem komin á dagskrá fundarins. Gunnar lauk í kjölfarið máli sínu.

Jökull tók þá til máls. Vildi hann gera athugasemd við fundarstjórn. Tók hann fram að fundarstjóri hefði ekki heimild til að takmarka ræðutíma og þá hafi ekki verið rétt að tillaga stjórnar hafi verið samþykkt, eins og ranglega hafi verið vitnað til í orðræðu fundarins, en hún hafi aðeins verið tekin á dagskrá fundarins; formleg afgreiðsla hennar sé að öllu leyti eftir.

Sigurður tók til máls og kvaðst hafa verið í þeirri nefnd sem skipuð var á síðasta aðalfundi. Það sé rangt að nefndin hafi hist og hún hafi unnið að framgangi

aðstöðumála. Hann tók undir sjónarmið um að fundarstjóri skyldi grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir málþóf á fundinum.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá um þennan lið og að umræðu lokinni var framangreind tillaga stjórnar borin undir fundinn. Var niðurstaða kosningarinnar sú að tillagan var samþykkt með atkvæðum 17 fundarmanna en 6 fundarmenn greiddu atkvæði gegn tillögunni.

b. Tvær tillögur Gunnars Geirs Halldórssonar um kaup á bátum fyrir félagið.

Stjórn félagsins bærust í aðdraganda fundarins tvær tillögur frá Gunnari Geir Halldórssyni, fyrrverandi formanni Þyts, um bátakaup fyrir félagið:

i) Tillaga til kaupa á RS Aero.

Tillaga Gunnars Geirs er svohljóðandi: „Tillaga lögð fyrir aðalfund að fela stjórn Þyts að kaupa 5 til 10 stk. RS Aero báta með kerru og flutningskerrum. Allir bátar væru fengnir með öllum stærðum af seglum. Þessir bátar eru góðir til að krakkar geti haldið áfram eftir námskeið sumarsins. Tveir svona bátar eru komnir til landsins og virka vel. Ég sjálfur er búinn að prófa hann og hef ég verið í Þyt síðan 1986.“

ii) Tillaga til kaupa á RS 21.

Tillaga Gunnars Geirs er svohljóðandi: „Tillaga lögð fyrir aðalfund að fela stjórn Þyts að kaupa 2 stk. RS 21 báta með kerru og flutningskerrum. Þetta er gert til að auka kjölbátasiglingar.“

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því þó svo tillögur þessar hafi borist stjórn félagsins innan þess frests sem grein 4.4 í samþykktum félagsins mælir fyrir um, þá hafi tillögurnar ekki verið kynntar á heimasíðu félagsins með þeim hætti sem þar er ráðgert. Engu að síður hafi tillögurnar verið kynntar í Facebook-hópum félagsins og um þær hafi orðið umtalsverðar umræður þar. Lýsti fundarstjóri þeirri afstöðu sinni, að í ljósi þessa verði að telja að markmiði greinar 4.4 í samþykktum félagsins hafi verið náð hvað þessar tillögur snertir og að þær megi því komast að á fundinum.

Fundarstjóri óskaði eftir andmælum við þessari afstöðu stjórnarmanna.

Markús tók til máls og vildi mótmæla því, þrátt fyrir afstöðu fundarstjóra, að þessar tillögur komist að til afgreiðslu á fundinum, þar sem þær hafi borist alveg í blálök þess tíma sem heimilt var að leggja fram tillögur á.

Gunnar Geir tekur til máls og upplýsir hann fundinn um að eftir að hann hafi lagt tillöguna fram, hafi hann komist að því að á árinu 2022 komi 20 bátar af þessari tegund til landsins sem kunni þá að standa félaginu til boða á mun hagstæðari kjörum en þeim sem núna væru til boða. Skorar hann á stjórn félagsins að nýta það kauptækifæri er það gefst. Gunnar dró því næst tillöguna sína um kaup á þessum bátum til baka.

Varðandi tillögu sína um kaup á RS21 bátum, þá vísar hann varðandi rökstuðning til þess, að fyrst notkun á kjölbátum félagsins sé jafn mikil og raun ber vitni, þá sé kjörið að kaupa hentuga báta til þess að stækka flotann og sé tillagan á því byggð.

Markús tekur til máls og segist hann hafa verið að vinna í þessu í töluverðan tíma og hafi verið að skoða þessa báta sem Gunnar Geir leggur til, meðal annars. Hann kveðst þó vilja hafa samfylgd með öðrum siglingaklúbbum á landinu varðandi það hvaða bátur verður keyptur sem framtíðar keppniskjölbátur fyrir félögin. Þetta sé stór fjárfesting og margt eigi eftir að skýrast í þessu, þ.m.t. verð notaðra báta, og hann leggur til að tillögunni verði hafnað.

Arnar Þór tók til máls og kvaðst hafa skoðað á bátunum hjá umboðsmanni og komist að því að það verð sem tillagan sem miðast við, þ.e. verð með öllum þeim búnaði sem þar er tiltekinn, sé miklu hærra en það verð sem tilgreint sé í tillögu Gunnars og nemi tvöfaldri þeirri fjárhæð sem lögð er til í félaginu til bátakaupa á komandi ári.

Þá bar fundarstjóri tillögu Gunnars Geirs um kaup á RS21 bátum undir atkvæði fundarins og var tillögunni synjað, en 15 fundarmenn fundarmanna greiddu atkvæði gegn henni. 3 fundarmanna greiddu hins vegar atkvæði með tillögu Gunnars.

Engar aðrar tillögur lágu fyrir fundinum.

8. STJÓRNARKJÖR

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 2.4 í samþykktum félagsins, skuli formaður félagsins kosinn árlega, en aðrir stjórnarmenn skuli kosnir til tveggja ára í enn, en þó þannig að aðeins skuli kosið um tvo stjórnarmenn ár hvert. Meðstjórnarmenn félagsins eru 4 og í ljósi þess að Gunnar Freyr og Hörður Páll hafi verið kosnir á aðalfundi félagsins árið [2019], þá skuli kosið um sæti þeirra á aðalfundinum. Að síðustu skuli kosið um sæti tveggja varamanna í stjórn árlega.

Því næst var gengið til stjórnarkjörs.

a. Kosning formanns Siglingaklúbbsins Þyts.

Fyrir fundinum liggur framboð Markúsar Elvars Péturssonar, núverandi formanns félagsins, til áframhaldandi formennsku í félaginu.

Fundarstjóri óskaði eftir frekari framboðum til formennsku í félaginu, en engin slík mótframboð bárust og var Markús Elvar sjálfkjörinn formaður Þyts til aðalfundar 2022.

b. Kosning þriggja meðstjórnarmanna í stjórn Siglingaklúbbsins Þyts.

Meðstjórnarmenn félagsins eru 4 og koma tvö stjórnarsæti til kjörs nú. Eru þau sæti sem þannig eru til kjörs á þessum fundi sæti stjórnarmannanna Sólveigar og Ólafs.

Að auki, hefur stjórnarmaðurinn Sigurður Guðmundsson óskað eftir því að láta af stjórnarmennsku í félaginu áður en kjörtímabili hans lýkur og er sæti hans því einnig til kjörs á fundinum.

Samkvæmt þessu koma 3 stjórnarsæti meðstjórnarmanna til kjörs á fundinum.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi framboð til stjórnarsæta í Siglingaklúbbnum Þyt:

Arnar Þór Stefánsson, meðstjórnarsæti til 2 ára.

Margrét Birna Þórarinsdóttir, meðstjórnarsæti til 2 ára.

Ríkharður Ólafsson, meðstjórnarsæti til 1 árs í stað Sigurðar Guðmundssonar.

Fundarstjóri óskaði eftir frekari framboðum til stjórnar félagsins á fundinum og bárust slík framboð ekki. Því lýsti fundarstjóri ofangreinda einstaklinga rétt kjörna meðstjórnarmenn í Siglingafélaginu Þyt til ársins 2022 og 2023, allt í samræmi við ofangreinda tilgreiningu við framboð þeirra.

c. Kosning tveggja varastjórnarmanna

Varastjórnarmenn félagsins eru tveir og koma sæti beggja til kjörs árlega.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi framboð til varastjórnarsæta í Siglingaklúbbnum Þyt:

Ólafur Stefán Arnarsson

Árni Áskelsson.

Fundarstjóri óskaði eftir frekari framboðum til varastjórnar félagsins á fundinum og bárust slík framboð ekki. Því lýsti fundarstjóri ofangreinda einstaklinga rétt kjörna varastjórnarmenn í Siglingafélaginu Þyt til ársins 2022.

Fundurinn bauð nýjan formann, stjórnar- og varastjórnarmenn velkomna til starfa með lófataki.

9. ÁKVÖRÐUN FÉLAGSGJALDA

Markús Pétursson, formaður félagsins kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og gerði hann það að tillögu sinni, að ákvörðun um félagsgjöld verði vísað til stjórnar félagsins.

Fundarstjóri gaf fundarmönnum færi á að tjá sig um tillögu formanns félagsins.

Gunnar Geir tók til máls og rifjaði upp umræðu á síðasta fundi varðandi félagsgjöld og álagningu s.k. fjölskyldugjalds. Hann vísar til þess að einnig að tekin hafi verið sú ákvörðun að greiðandi fjölskyldugjaldsins hefði einn atkvæðisrétt. Hann vildi vísa því til stjórnar að stjórnin beiti sér fyrir því að álagning fjölskyldugjalds verði tekin upp í samþykktir og kveðið á um atkvæðisrétt þar. Það sé óboðlegt að ekki sé skýrt kveðið á um þetta.

Markús tók til máls og talaði um góða reynslu af fjölskyldugjaldi og gat þess að hann hefur fullan hug á því að skipa laganefnd til að koma með tillögur að uppfærslu á reglum félagsins. Það séu ákvæði í þeim sem ekki fái staðist nýjar reglur ÍSÍ.

Unnar tók til máls og vildi nýta tækifærið til þess að hvetja stjórn til þess að taka upp sérstakt gjald fyrir fullorðna sem nota kjölbáta. Það þurfi að vera skýrt hvernig eigi að reka kjölbáta félagsins. Það sé óboðlegt að óvissa sé uppi um þetta og það megi ekki ráðast af persónulegum hagsmunum þeirra aðila sem hafi tekjur af námskeiðshaldi á bátunum.

Ríkharður tók til máls og benti á að fjölskyldugjaldið var samþykkt á aðalfundi 2019 og að kannski megi skilgreina betur hvað í því felist, en aðalfundur félagsins hafi samþykkt það að gjaldið skyldi lagt á.

Pétur Pétursson tók til máls og vildi ítreka að hér sé bara verið að ræða árgjald og vildi mótmæla skotum Unnars á formann og ítrekaði að það að það að taka að sér námskeið feli í sér skuldbindingu gagnvart þátttakendum á námskeiðinu, en slíkt sé ekki bara áhugavinna.

Jökull tók til máls og gat þess að það hefði verið umræða um fjölskyldugjald á síðasta aðalfundi, en málinu þar vísað til stjórnar, án þess að fundurinn tæki ákvörðun.

Gunnar Geir tók til máls og tók undir með Jökli; lög félagsins verði að veita heimild fyrir slíku gjaldi. Varðandi gjald fyrir nýtingu kjölbáta, þá vildi Gunnar alfarið hvetja til þess að sett sé á gjald fyrir notkun fullorðinna á þeim bátum. Allir verði að fá að blómstra. Segist ósáttur við að kjölbátadeild sé haldið niðri vegna fjárskorts. Gunnar upplýsir fundinn um að hann hafi sent stjórn áskorun um þessi efni.

Pétur Pétursson tók til máls og óskaði eftir því að þess sé vísað til stjórnar ákveða félagsgjöld í félaginu.

Jökull tók þá til máls og áréttaði að það sé verkefni aðalfundar að ákveða félagsgjöld, þ.e. nema annað sé ákveðið.

Friðrik tók einnig til máls og hvatti hann eindregið til þess að lög félagsins yrðu uppfærð og lýsti þeirri skoðun sinni að fjölskyldugjöld félagsins séu alltof lág.

Gunnar Geir tók þá til máls og tók hann undir tillögu formanns um að félagsgjaldinu skuli vísað til stjórnar ásamt þess að óska þess að lagagrundvöllur fjölskyldugjaldsins verði skýrður.

Markús lýsti vilja sínum til þess að stofna laganefnd í félaginu, m.a. til þess að skýra lagagrundvöll félagsgjaldsins og festa fjölskyldugjaldið í lög félagsins, samhliða því að uppfæra önnur ákvæði í samþykktum félagsins sem þyrfti að uppfæra. Yrði það gert í samvinnu við ÍBH og ÍSÍ.

Gunnar Geir tók til máls og tók á ný undir með Markúsi varðandi nauðsyn laganefndar til þess að þetta sé gert rétt. Gunnar Geir óskar eftir því að fram fari kosning um málefnið.

Því næst fór fram kosning um tillögu formanns um að ákvörðun um félagsgjald skyldi vísað til stjórnar félagsins og upplýsti fundarstjóri fundinn í kjölfarið um það að tillagan hafi verið samþykkt með atkvæðum 17 fundarmanna, gegn atvæðum 4 fundarmanna.

10. KOSNING SKOÐUNARMANNA REIKNINGA FÉLAGSINS

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 2.5 í samþykktum félagsins skuli árlega kjósa 2 skoðunarmenn reikninga félagsins og einn til vara.

Fyrir fundinum lágu framboð eftirtalinna einstaklinga til embætta skoðunarmanna reikninga félagsins:

Þórður Helgason.

Jökull Mar Pétursson.

Kristín Ósk Hlynsdóttir, skoðunarmaður reikninga til vara.

Undir þessum lið tóku eftirtaldir einstaklingar til máls.

Þórður Helgason tók til máls og stakk upp á Gunnari Geir Halldórssyni í hlutverk skoðunarmanns reikninga til vara.

Friðrik Örn Hjaltsted tók þá til máls og bauð sig fram í embætti skoðunarmanns til vara gegn Gunnari Geir.

Jökull tók til máls og tók undir tillögu Þórðar Helgasonar.

Gunnar Geir tók til máls og lýsti sig reiðubúinn til þess að bjóða sig fram í embætti varaskoðunarmanns reikninga.

Fundarstjóri gat þess, að miðað við ofangreint væru Þórður Helgason og Jökull Mar sjálfkjörnir sem skoðunarmenn reikninga félagsins.

Því næst fór fram kosning varaskoðunarmanns reikninga félagsins. Niðurstaða kosningarinnar varð sú að í embættið er kosinn Friðrik Örn Hjaltsted með 9 atkvæði af 20 greiddum atkvæðum fundarmanna. Önnur atkvæði féllu þannig: Gunnar Geir fékk 6 atkvæði. Kristín Ósk Hlynsdóttir fékk 5 atkvæði.

11. KOSNING ÞINGFULLTRÚA Á ÞING SÍL OG ÍBH

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að samkvæmt ákvæðum greinar 4.7.13 í samþykktum félagsins skuli árlega kjósa fulltrúa félagsins á ársþing Siglingasambands Íslands (3 einstaklingar) og á þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar (2 einstaklingar).

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar félagsins um að eftirgreindir einstaklingar yrðu fulltrúar félagsins á umrætt ársþing Siglingasambands Íslands:

Markús Elvar Pétursson.
Ólafur Stefán Arnarsson.
Tim Suthers.

Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar félagsins um að eftirgreindir einstaklingar yrðu fulltrúar félagsins á umrætt ársþing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar:

Markús Elvar Pétursson.
Hulda Stefanía Hólm.

Í kjölfarið fóru fram umræður um tillögur stjórnar og tóku þessir aðilar til máls:

Ragnar Hilmarsson lýsti yfir framboði sínu á þing ÍBH. Gat hann þess að hann væri nú þegar í framboði til embættis á því þingi og að einkennilegt yrði ef hann lenti í þeirri stöðu að hafa þar ekki seturétt.

Ríkharður bauð sig fram sem þingfulltrúa á SÍL þing þar sem hann sé þar stjórnarmaður nú þegar.

Gunnar Geir lýsti sig reiðubúinn til þess að láta kjósa sig í hvað sem væri.

Markús tók til máls og benti á á að skv. upplýsingum ÍBH eigi þyrtur bara tvo fulltrúa á þing bandalagsins.

Tim Suthers tók til máls og lýsti áhuga sínum og áherslum og áhuga á því að fá laga- og reglugerðarumhverfi siglinga breytt. Hann lýsti yfir framboði til þess að fara á SÍL þing. Í kjölfar ræðu Tims, tók Unnar Már til máls og endursagði fundinum ræðu Tim á íslensku, ef ske kynni að einhver fundarmanna hefði ekki skilið enska tungu Tims.

Ólafur St. Arnarson tók til máls og vildi fagna áhuga félagsmanna á því að fara á SÍL þing. Hann dró í kjölfarið framboð sitt á SÍL þingið til baka.

Ragnar Hilmarsson tók til máls og áréttaði að SÍL þing er opið öllum.

Næst var gengið til kosningar um fulltrúa á ÍBH þing og var niðurstaða þeirrar kosningar sú að Markús Pétursson og Hulda Stefánía Hólm voru rétt kjörnir félagsins á ÍBH þingið með 12 og 11 atkvæðum af 31 atkvæðum fundarmanna. Atkvæði annarra féllu þannig: Ragnar Hilmarsson hlaut 5 atkvæði, og Gunnar Geir hlaut 3 atkvæði.

Þá fór fram kosning fulltrúa félagsins á SÍL þing var niðurstaða kosningarinnar sú að Markús Pétursson, Tim Suthers, Ríkhartur Daði Ólafsson eru rétt kjörnir fulltrúar Þyts á SÍL þing. Hlaut Tim 16 atkvæði, Ríkhartur hlaut 15 atkvæði, Markús hlaut 13 atkvæði og Gunnar Geir hlaut 5 atkvæði.

Umræddir einstaklingar teljast því rétt kjörnir þingfulltrúar Þyts á ofangreind þing fram að aðalfundi árið 2022 í samræmi við framangreint.

12. ÖNNUR MÁL

Fundarstjóri gerði fundinum grein fyrir því að undir liðnum önnur mál til aðalfundar hefði borist eitt erindi:

a. Tillaga Jóhanns Tryggva Jónssonar að áskorun til stjórnar:

Jóhann Tryggvi Jónsson gerir það að tillögu sinni að aðalfundur Siglingaklúbbsins Þyts samþykki eftirfarandi áskorun til stjórnar félagsins:

„Stór hluti þeirra sem komið hafa að starfi kjölbátadeildar á árinu koma til að stunda kjölbátasiglingar sem útivist og sjá fyrir sér ferðamennsku á skútum. Nú býðst félaginu að kaupa Stjörnuna, skútuna sem stendur fyrir framan aðstöðu Þyts. Um er að ræða skútu sem orðið hefur fyrir tjóni og þarfnast viðgerða sem Þytur og Þytsfélagar geta gert með mun minni tilkostnaði en eigendur hennar í dag. Þyt býðst að eignast bátinn í því ástandi sem hann er á um 750.000 kr. Slíkur bátur getur orðið góð viðbót við kjölbátaeign félagsins og opnað möguleika á starfi sem ekki er mögulegt með Secret bátunum. Því langar mig til að mæla fyrir því að þessi aðalfundur skori á nýkjörna stjórn að skoða möguleg kaup á Stjörnuni.“

Fundarstjóri bauð Jóhanni Tryggva að gera grein fyrir tillögu sinni og þekktist hann ekki það boð.

Eftirtaldir tóku til máls undir þessum lið:

Unnar Már tók til máls og ítrekaði enn fyrri sjónarmið um að óljóst sé hvernig reka eigi núverandi kjölbátafjölda og því sé fráleitt fyrir félagið að kaupa þennan bát og gera hann úr garði meðan svo varir.

Jökull tók til máls og tók undir sjónarmið Unnars Márs og bætir því við að það sé hans skoðun að um óhentugan bát í þennan rekstur sé að ræða.

Pétur Pétursson tók til máls og vildi hann svara Unnari. Áréttaði hann að það hefði þegar komið fram á fundinum að Secret bátunum fylgi ekki rekstrarfé frá bænum – eldri félagar þurfi því að taka sig saman og tryggja bátunum rekstrargrundvöll. Áréttar einnig að þeir félagsmenn sem eru áhugamenn um ferðir sé jafn réttháir félagsmenn í félaginu og aðrir.

Jóhann Tryggvi tók nú til máls sem flytjandi tillögunnar og vildi hann áréttta að hann teldi það sniðugt verkefni fyrir klúbbinn að fara í þetta verkefni og sameinast um framkvæmd þess af gleði og félagsanda.

Arnar Þór Stefánsson tók til máls og vildi áréttta að með tillögunni sé bara verið að vísa því til stjórnar að skoða kaup á bátnum Stjörnunni, en ekki sé verið að gera tillögu um að skuldbinda félagið við kaup bátsins.

Unnar Már tók að nýju til máls og spurði hann fundinn að því hvort ekki sé rétt að þytur sé íþróttafélag fyrst og fremst. Lýsti hann þeirri skoðun sinni að meðan félagið gæti ekki rekið rekið núverandi kjölbátafjölda, þá væri erfitt að sjá fyrir sér að félagið bætti við sig ferðabát.

Ríkhartður Ólafsson tók til máls og benti á að hugtakið siglingaíþrótt sé víðtækt orð. Það að nota nota seglbáta til ferða rúmist fyllilega innan þess hugtaks.

Markús tók til máls og benti á að tillagan varðaði aðeins áskorun til stjórnar til þess að skoða málið, m.a. hvernig fjármögnun og not málsins, og taka ákvörðun í kjölfarið að vel athuguðu máli á félagsfundi, þegar málið liggur fyrir með heildstæðum hætti.

Þórður Ólafur tók þá til máls og ítrekaði orð Arnars um að hér væri aðeins um einfalda áskorun til stjórnar að ræða sem legði fyrir stjórn að skoða kaupin, en ekki framkvæma þau, og því ástæðulaust að ræða tillöguna frekar. Í ljósi þess hve áorðið væri, gerði hann þá dagskrártillögu um að umræðu um þennan lið yrði hætt strax og þess í stað gengið til atkvæða tillöguna þegar í stað.

Í kjölfarið var ákveðið að ganga þegar strax til atkvæða um tillöguna og varð niðurstaðan sú að áskorun Jóhanns Tryggva er samþykkt með 8 atkvæðum fundarmanna gegn 6 atkvæðum fundarmanna.

Fundarstjóri gat þess, að með þessu væri dagskrá fundarins tæmd og ekki fleira fyrirbyggjandi á fundinum, en engu að síður væru nokkrir á mælendaskrá og ákvað fundarstjóri gefa þessum aðilum færi á að tjá sig.

Markús tók til máls og vildi hann þakka fundarmönnum fyrir fundinn og óskaði þess að fundarmenn græfu nú stríðsexina, færu að njóta þess að sigla og sameinuðust um að eiga frábært siglingasumar.

Jökull tók til máls og óskaði hann eftir að gera athugasemdir við fundarstjórn. Krafðist hann þess að neðangreind bókun yrði færð til bókar í fundargerð:

„Í ljósi þeirra tæknilegu lausna sem valdar voru til að framkvæma fundinn og hversu óljóst þær voru útskýrðar við boðun fundarins hlýtur fundurinn að teljast ólöglega boðaður. Í fundarboði kemur ekki fram að skrá þurfi þátttöku með fyrirvara né að slík skráning sé forsenda þess að fá upplýsingar um aðgang að fundinum en þeim var lofað í fundarboði. Þá voru forkastanlegar tafir á afhendingu þeirra gagna auk þess sem tilvik voru um tæknileg vandkvæði við innskráningu.

Raunin af framkvæmdinni er því að einhverjum félagsmönnum þykir illmögulegt að fylgjast með fundinum eins og skýrt er í lögum félagsins að þeim sé heimilt eða taka þátt í umræðu eða atkvæðagreiðslu.

Réttast væri að fundi verði aflýst og til hans boðað á ný með réttum hætti.“

Þórður Helgason tók undir með Jökli og benti hann á að í fundarboði fundarins komi fram að nauðsynlegt væri að skrá sig á fundinn með rafrænum hætti degi fyrir fundinn og að upplýsingar um tilhögun rafrænnar þátttöku skyldu berast fyrir fundinn. Þær leiðbeiningar hafi ekki komið. Hann vill samt hrósa stjórn félagsins fyrir störf þeirra og elju í þágu félagsins og óska þeim áframhaldandi velfarnaðar í starfi.

Gunnar Geir tók til máls og vildi hann árétta þá skoðun sína enn á ný að fundurinn sé ólöglegur og honum finnst að málfrelsið sé hafi verið fótum troðið á fundinum, en það sé lykilatriði að félagsmenn í íþróttafélagi megi tjá sig á fundum félagsins. Hins vegar megi bara þeir sem hafa greitt félagsgjald eigi að hafa atkvæðisrétt á fundinum og honum finnst framkvæmd fundarins vera ábótavant og að hann telji nauðsynlegt að endurtaka fundinn. Hann áréttaði að hann hyggist leita ómerkingar fundarins á vegum ÍSÍ.

Fundarstjóri ákvað þá að vekja athygli Gunnars Geirs á því að fundurinn hefði nú þegar staðið í um 6 klukkustundir og að allir þeir sem hafi gefið sig fram og óskað eftir að fá að tjá sig hafi fengið tækifæri til þess. Fundarstjóri vísaði því fullyrðingum Gunnars um annað á bug.

Gunnar Geir tók þá aftur til máls og vildi geta þess að síðasti fundur félagsins hefði tekið 5 klukkustundir, en að núna væru menn á rafrænum fundi sem tæki alltaf lengri tíma. Hann áréttaði enn að hann teldi fundinn ólöglegan og sagðist ekki myndu hlíta niðurstöðunni og ætlaði með þetta áfram.

Fundarstjóri þakkaði Gunnari Geir fyrir fundinn og áréttaði að auðvitað myndu fundarmenn nýta allan þann rétt sem þeir teldu sig eiga.

Unnar Már tók til máls og þakkaði fyrir fundinn og lýsti hann yfir stuðningi við nýja stjórn hvatti hana til dáða. Jafnframt þakkaði hann fráfarandi stjórn fyrir þeirra störf.

Pétur Pétursson tók einnig til máls og óskaði hann nýrri stjórn til hamingju með kjörið og sagðist hlakka til að sjá starfið halda áfram að eflast hér eftir sem hingað til. Hann tók sérstaklega fram að hann langi til að sjá félagið bjóða fatlaða velkomna til félagsstarfa og lýsti sig reiðubúinn til að taka þátt í því verkefni.

Arnar Þór Stefánsson tók til máls og minnti hann fundarmenn á að hlutverk fundarstjóra er að halda reiður á fundinum og að fundarstjóri hafi samkvæmt fundarsköpum vald til þess að slökkva umræðu telji hann þörf á. Framkoma hér á fundinum hafi verið fundarmönnum til skammar. Hann vonist til þess að hún verði ekki til eftirbreytni á næsta ári.

Gunnar Geir tók á ný til máls og sagðist hann óska nýkjörinni stjórn velfarnaðar, yrði fundurinn talinn gildur. Það sé hins vegar alger regla að virða rétt fólks til þess að tjá sig á fundinum. Að síðustu lýsti hann sig reiðubúinn til samstarfs við nýja stjórn á góðum nótum.

Friðrik Hjaltsted tók síðastur til máls og þakkaði hann fundinum fyrir traustið og bauð hann fundarmönnum í nýbakaðar vöflur um borð í Xenu. Hann sagðist vonast til þess að bröndurum á borð við framkomu fundarmanna á þessum fundi yrði haldið í lágmarki á aðalfundi næsta árs.

Fleiri voru ekki á mælendaskrá.

Fundarstjóri lýsti fundinum slitið kl. 19.52

Þannig fram farið.

Þuríður Sigurjónsdóttir, fundarstjóri.

Þórður Ólafur Þórðarson, fundarritari.